

Reykjavík, 3. mars 2021

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
sn@sm.is

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um áhafnir skipa

Hinn 18. febrúar síðastliðinn birti samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um áhafnir skipa á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um áhafnir íslenskra skipa en í meginatriðum er frumvarpssmíðinni ætlað að stuðla að sameiningu, samræmingu og einföldun ákvæða ýmissa laga um áhafnir skipa.

Frumvarpsdrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Gildissvið frumvarpsdraganna er skilgreint í 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. er lagt upp með að ný lög nái til áhafna allra íslenskra skipa og verður ekki betur séð að það verði meginreglan. Í 1. málsl. 2. mgr. er hins vegar lagt upp með að ný lög taki *jafnframt til áhafna erlendra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni í íslenskri landhelgi og innsævi að staðaldri að því er varðar skírteinakröfur, lágmarksmönnun, vaktstöðu, vinnu- og hvíldartíma og vinnuskilyrði.*

Í sérstökum athugasemdum við 1. gr. frumvarpsdraganna segir m.a.:

Þetta ákvæði svarar til 1. gr. laga nr. 76/2001, 1. og 2. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa og annarra skipa nr. 30/2007 og 1. og 2. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 35/2010.

[...]

[L]agt [er] til og áréttað að þegar erlent skip er notað að staðaldri í íslenskri landhelgi beri því að fylgja íslenskum lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og þeim alþjóðaskuldbindingum og EES gerðum sem Ísland er aðili að á sama hátt og íslensk skip í sömu starfsemi. Eðlilegt er að sömu öryggiskröfur gildi til þessara skipa og íslenskra m.a. til menntunar og þjálfunar, öryggisfræðslu, skírteini, lágmarksmönnun, vinnu- og hvíldartíma og önnur vinnuskilyrði eftir því sem við á. Jafnframt er horft til samkeppnissjónarmiða í þessu sambandi. Þetta ákvæði gæti t.d. átt við áhafnir dýpkunarskipa, dráttarskipa, farþegabáta og farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum.

(Undirstrikun og breiðletrun SVP)

Lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, ná til áhafna allra íslenskra farþegaskipa, farþegabáta og flutningaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra. Lög nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, ná til áhafna íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa, annarra en farþegaskipa og

flutningaskipa. Jafnframt ná lögín til til áhafna þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru að staðaldri í íslenskri landhelgi sbr. 4. mgr. 7. gr. laganna, eins og leiðir af 2. gr. þeirra. Lög nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna, ná til áhafna allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni að undanskildum þeim sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá, sbr. 2. gr. þeirra. Af framangreindu leiðir að skráning eða skráningarskylda skipa hér á landi eða í íslenska alþjóðlega skipaskrá ræður því að miklu leyti hvort áhafnir falli undir gildissvið þeirra laga sem sameina á með setningu nýrra laga um áhafnir skipa. Undantekningarnar eru þær að lög nr. 30/2007 ná jafnframt til skemmtibáta sem eru notaðir að staðaldri í íslenski lögsögu en ekki til farþegaskipa og flutningaskipa.

Tvö skilyrði þurfa að vera uppfyllt svo áhöfn erlends skips verði felld undir gildissvið frumvarpsdraganna, þ.e. (1) að skipið sé notað í atvinnuskyni í íslenskri landhelgi og innsævi og (2) að sú notkun eigi sér stað að staðaldri. Ætla verður að með notkun erlendra skipa í „atvinnuskyni“ hér á landi sé átt við notkun í tekjuöflunarskyni samanber t.d. notkun hugtaksins í ákvæðum laga um tekjuskatt. Í dæmaskyni er í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsdraganna tekið fram að undir þetta gæti fallið áhafnir dýpkunarskipa, dráttarskipa, farþegabáta og farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum. Ber upptalningin hins vegar ekki með sér að um tæmandi talningu að ræða og mjög örðugt er að henda reiður á hvort dæmin hafi sameiginleg einkenni sem af leiði sameiginlegan þráð. Orðin „að staðaldri“ í 1. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna eru ekki skýrð nánar í greinargerð frumvarpsins en samkvæmt orðabók vísar orðið staðaldur til varanleika, einhvers sem er stöðugt, sífellt eða að jafnaði. Í því felst afar matskennt og óljóst viðmið sem erfitt getur reynst að henda reiður á í raun og því kann óskýrleikinn að verða hráefni álitamála eða deilna.

Að mati SVP er framangreint orðalag 1. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna haldið þeim annmarka að merkingin er nokkuð óljós þegar að erlendum skipum kemur. Telja samtökin afar mikilvægt að kveðið verði með skýrum hætti á um að gildissvið frumvarpsdraganna nái ekki til vöruflutningaskipa sem annast flutninga til og frá Íslandi. Er þá ekki síst haft í huga að tiltölulega algengt er að vöruflutningaskip á leið frá innlendri höfn til hafnar erlendis eða öndvert hafi viðkomu í öðrum höfnum hér á landi, t.d. á Reyðarfirði eða í Vestmannaeyjum, á leið til og frá landinu. Slá þarf því föstu að slíkar siglingar teljist ekki eiga sér stað að staðaldri í skilningi ákvæða 1. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur